

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í austuramtinu 12.—14. ágúst 1895.

Ár 1895, hinn 12.—14. ágúst var aðalfundur amtsráðs austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af forseta amtsráðsins, amtmanni Páli Briem, og amtsráðsmanni Austur-Skaptafellssýslu, hjeraðslækni Þorgrími Þórðarsyni, amtsráðsmanni Suður-Múlasýslu, búfræðingi Sigurði Einarssyni á Hafursá, vara-amtsráðsmanni Norður-Múlasýslu hjeraðslækni Árna Jónssyni á Vopnafirði, er mætti í stað aðal-amtsráðsmanns síra Einars Jónssonar á Kirkjubæ, sem nú situr á alþingi, og amtsráðsmanni Norður-Þingeyjarsýslu, hreppstjóra Árna Kristjánssyni á Lóni.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eptirtylgjandi sjóða 1894 með fylgiskjölum:
  - a. Jafnaðarsjóðs austuramtsins,
  - b. Búnaðarsjóðs austuramtsins,
  - c. Búnaðarskólasjóðs austuramtsins,
  - d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar,
  - e. — Þjóturs sýslumanns Þorsteinssonar,
  - f. Bókasafns austuramtsins.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og samþykkti þá án athuga-semda.

2. Amtsráðið yfirfór reikninga búnaðarskólans á Eiðum 1894—95, og úrskurðaði þá.
3. Forseti skýrði frá því, að landshöfðingi hefði með brjefi 9. október f. á. látið í ljósi, að hann fyndi eigi ástæðu til að skipa Norður-Þingeyjarsýslu að ganga í búnaðarsamband við hinar sýslurnar; enn fremur lagði hann fram brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, 22. maí þ. á., þar sem skýrt er frá, að sýslunefnd Austur-Skaptafellssýslu sjái sjer eigi fært að sinna tillögum til búnaðarskólans á Eiðum. Amtsráðið ákvað því, að piltar úr Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-Skaptafellssýslu skyldu fyrst um sinn ganga á eptir öðrum við inntöku á Eiðaskóla, en fól forseta að brýna fyrir sýslunefndunum, að ganga í sambandið við Eiðaskólann sem fyrst.
4. Fram var lagt brjef frá skólastjóranum við Eiðaskólann, dags. 10. þ. m., þar sem hann óskar, að amtsráðið veiti skólanum 100 kr. þetta ár til bóka og áhaldakaupa. Eptir nokkrar umræður veitti amtsráðið þessa upphæð.
5. Fram var lögð beiðni frá formanni stjórnarnefndar bókasafns austuramtsins, um að safninu yíðu veittar 200 kr. af jafnaðarsjóði austuramtsins.

Amtsráðið tók til yfirvegunar, að mönnum í fjærlægum sýslum væri erfitt að nota safnið og ákvað því, að bóka-vörður mætti lána mönnum úr fjær-lægari sveitum bækur safnsins allt að 9 mánuði og jafnframt ákvað það, að senda skyldi hreppsnefndum skrá yfir bækur safnsins, og að hreppsnefndunum skyldi heimilt, að fá allt að 10 bækur í einu gegn ábyrgð fyrir

31. dag desembr.mán. 1895.

141

skemmdum og venjulegu tillagi. Amtsráðið veitti safninu 300 kr. styrk yfirstandandi ár.

6. Fram voru lagðar skýrslur og reikningar kvennaskólans á Ytri-Ey og Laugalandi. Eptir að amtsráðið hafði athugað skjöl þessi, ákvað það að veita skólum þessum styrk eins og um hafði verið sótt, nefnil. til Laugalandsskólans 50 kr. og til Ytri-Eyarskólans 100 kr.
7. Fram var lagður viðauki við fjallskilareglugjörð Austur-Skaptafellssýslu, er samþykktur hafði verið af sýslunefndinni þar 22.—23. apríl þ. á. Amtsráðið yfir fór frumvarpið og staðfesti það til að öðlast gildi 1. jan. 1896.
8. Fram var lagt brjef landshöfðingjans, 15. janúar þ. á., um, hvernig skipta skuli milli norður og austuramtsins styrk af gullbrúðkaupssjóði Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur, sem norður- og austuramtíð á eptir skipulagsskránni að verða aðnjótandi að í 3 ár 1895—97, svo og hvernig styrk þessum skuli varið. Amtsráðið ályktaði, að styrk þessum væri rjettast að skipta milli amtanna, eins og eignum þeirra hefir áður verið skipt, þannig, að til norðuramtsins gangi <sup>16/27</sup>, en til austuramtsins <sup>11/27</sup>, en amtsráðið frestaði til næsta fundar, að gjöra tillögur um, hvernig styrknum skuli verja.
9. Fram var lögð kæra frá verzlunarstjóra O. F. Davíðssyni á Vopnafirði 20. júní þ. á., þar sem hann óskar, að lagður verði fyrir amtsráðið úrskurður sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu um, að úrskurður hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi um útsvar verzlunar Örum & Wulffs á Vopnafirði skuli standa óhaggður.

Amtsráðið áleit, að sýslunefndin hefði eigi haft nægar upplýsingar til að meta rjettmæti útsvarsins, og þar sem útsvarið hefur hækkað mjög mikið frá því árið áður, þá hefðu upplýsingar þessar nauðsynlega þurft að liggja fyrir sýslunefndinni. Amtsráðið ákvað því að leggja fyrir sýslunefndina að fá niðurjöfnunarskrá Vopnafjarðarhrepps haustið 1894, svo og reglur þær í heild sinni, sem hreppsnefndin er talin að fara eptir, og síðan leggja að nýju úrskurð á mál þetta.

10. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga 1894:

a. Norður-Pingeyjarsýslu.

b. Norður-Múlasýslu.

c. Austur-Skaptafellssýslu.

og jafnframt lagði hann fram brjef frá sýslumanninum í Suður-Múlasýsla 9. þ. m., þar sem hann skýrir frá, að þegar hann kom að sýslunni hafi ekkert verið gjört að sýslureikningi eða sýsluvegasjóðsreikningi og að ekki hafi verið tími til að gjöra reikningana.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði.

11. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýsluvegasjóðsreikninga 1894:

a. Norður-Pingeyjarsýslu.

b. Norður-Múlasýslu.

c. Austur-Skaptafellssýslu.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá.

12. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Pingeyjarsýslu 10. maí þ. á. ásamt út-

dráttum úr gjörðabókum sýslunefndanna í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu fer fram á, að aðalþótleiðinni frá Grenjadarstað til Seyðisfjarðar verði breytt þannig, að hún liggji um Húsavík norður Tunguheiði til Skinnastaða, og þaðan yfir Axarfjarðarheiði um Svalbarð og Þórshöfn yfir Brekknaheiði um Vopnafjörð til Seyðisfjarðar.

Amtsráðið fann ekki næga ástæðu til að gjöra ályktanir um þetta mál eptir atvikum.

13. Amtsráðið ákvað, að eptirleiðis skyldu fylgja sýslusjóðsreikningum og sýsluvegareikningum skrár yfir eigur sýslmanna og yfirlit yfir eigur þeirra og skuldir, sbr. tilsk. 4. maí 1872, 41. gr.
14. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda af fundum þeirra síðan í fyrra:
  - a. Í Norður-Þingeyjarsýslu 22. og 23. marz þ. á.
  - b. Í Norður-Múlasýslu 4.—6. marz og 13. júní þ. á.
  - c. Suður-Múlasýslu 1. og 2. júlí þ. á.
  - d. Austur-Skaptafellssýslu 22.—23. apríl þ. á.

Voru eptirrit þessi yfirfarin og gjörðar við þau þessar athugasemdir:

- a. Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur eigi verið kosinn endurskoðandi sýsluvegasjóðsreikningsins, og má slíkt eigi koma fyrir eptirleiðis.
  - b. Við sýslufundargjörðir Norður-Múlasýslu þótti athugavert, að hreppareikningar fyrir fardagaárin 1892—93 og 1893—94 höfðu eigi verið lagðir fyrir sýslunefndina, og þótti amtsráðinu því ástæða til að áminna sýslunefndina um, að rannsaka og úrskurða reikninga þessa svo fljótt sem unnt er. Enn fremur þótti athugavert, að áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins hafði eigi verið gjörð á fundinum.
  - c. Við sýslufundargjörðir úr Suður-Múlasýslu þótti athugavert:
    1. Að sýslunefndarmenn úr Vallahreppi, Eidahreppi og Norðfjarðarhreppi vantar á fundinn, án þess að neinar upplýsingar sjeu um, að þeim hafi verið boðaður fundurinn, eða að þeir hafi haft forföll frá að mæta, svo og, að sýslunefndarmaðurinn úr Mjóafjarðarhreppi fór af fundi án þess að skýra frá forföllum sínum og án þess að skrifa undir fundargjörðir til þess tíma.
    2. Að hreppavegareikningar hafa eigi verið fram lagðir, og sýslunefndin hefur enga ráðstöfun gjört til að fá reikningana endurskoðaða og
    3. Að sýslunefndin hefur eigi gjört neinar áætlanir um tekjur og gjöld sýslusjóðsins eða sýsluvegasjóðsins fyrir næsta ár.
  - d. Við sýslunefndargjörðir Austur-Skaptafellssýslu þótti ekkert athugavert.
15. Forseti skýrði frá, að hann hefði 2. janúar þ. á. skrifað öllum sýslumönnum í norður- og austuramtinu og lagt fyrir þá, að útvega álit sýslunefndanna um, hvað þeim þætti tiltækilegt að gjöra til þess, að sporna við kláða á sauðfje. Sýslunefndirnar hafa allar látið uppi álit sitt um þetta mál, og flestar þeirra jafnframt látið skoða sauðfje í sýslunum; lagði forseti jafn

141

framt fram álit allra sýslunefnda, svo og skoðunargjörðir í mörgum hreppum í ömtunum; tók síðan amtsráðið til ihugunar, hvað gjöra skyldi framvegis til þess, að sporna við kláða á sauðfje, og eptir all-langar umræður ályktaði það, að fela forseta sínum, að leggja fyrir allar sýslunefndir, að láta fram fara nákvæma skoðun á sauðfje, helzt rjett áður en fje er sleppt úr húsi næsta vor, að brýna fyrir sýslumönnum, að leggja fyrir hreppstjóra og hreppsnefndir, að hafa nákvæmt eptirlit með, að kláðakindur verði aðskildar frá öðru fje og skornar eða læknaðar, og að brýna fyrir bændum, að bera í allt fje, ekki að eins fyrri part vetrar, heldur og rjett áður en fje er sleppt úr húsi að vorinu, hafi nokkur kláðavottur fundizt í því að vetrinum.

Enn fremur ákvað amtsráðið, að í haust skyldu fram fara nákvæmar skoðanir á öllu sauðfje á svæðinu milli Jökulsár í Axarfrði og Jökulsár á Brú og skyldi kostnaður til þeirra borgast úr jafnaðarsjóði, enn fremur var ákveðir að fela sýslumanninum í Norður-Múlasýslu að fyrirskipa nákvæmt eptirlit með sauðfje, sem flutt eða rekið yrði austur yfir Jökulsá á Brú eptirleiðis, og ef kostnaður yrði af slíku, þá skyldi hann borgast af jafnaðarsjóði; að öðru leyti var ákveðið, að fela forseta, að brýna fyrir sýslumönnum, að beita stranglega tilskipun 5. jan. 1866 og 4. marz 1871, þar sem þess væri þörf.

16. Amtsráðið áleit, að mjög væri mikils vert að almenningur fengi sem beztar leiðbeiningar viðvíkjandi lækning á alls konar óprifum á sauðfje, og ákvað það því, að veita 100 kr. til verðlauna fyrir ritgjörð um það efni, og fól forseta sínum að reyna að fá einhvern vel hæfan mann til að semja ritgjörð um þetta efni.
17. Gjörð var svo hljóðandi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs austuramtsins 1896 :

## Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar 1895 . . . . .	kr. 1200 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	— 2100 00
	<hr/>
	Alls kr. 3300 00

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr. 850 00
2. Til sáttamála . . . . .	— 10 00
3. — heilbrigðismála . . . . .	— 400 00
4. — menntamála:	
a. Til Eiddaskóla . . . . .	kr. 100 00
b. — kvennaskóla:	
1. á Laugalandi . . . . .	kr. 50 00
2. - Ytri-Ey . . . . .	— 100 00
	<hr/>
c. Til bókasafns austuramtsins . . . . .	— 300 00
	— 550 00
5. Til heyrnar- og málleysingja . . . . .	— 280 00
	<hr/>
	Flyt kr. 2090 00

	Flutt kr.	2090 00	<b>141</b>
6. Afborgun og vextir af Skjálfandafljótsbrúarláni . . . . .	—	81 48	
7. Kostnaður við notkun fangahússins á Eskifirði . . . . .	—	50 00	
8. Óviss útgjöld . . . . .	—	400 00	
9. Eptirstöðvar . . . . .	—	678 52	
	Alls kr.	3300 00	

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Skrifstofu austuramtsins, Akureyri, 21. ágúst 1895.

*Páll Briem.*

## Axel Valdemar Tulinius,

142

settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu

**Kunngjörir:** Samkvæmt fyrirmælum laga nr. 18, 22. maí 1890, 6. gr., hefur sýslunefndin í Norður-Múlasýslu gjört svolátandi

### Samþykkt

um lækning hunda af bandormum o. fl. í Norður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af sýslunefnd 2–6 menn, til að lækna hunda af bandormum, og hafa eptirlit með því, að fylgt sje fyrirmælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

#### 2. gr.

Lækningamenn þessir skulu tvisvar á ári safna að sjer öllum hundum í hreppnum, sem eldri eru en missirigamlir, og skulu þeir tilkynna eigendum með viku fyrirvara, hvenær hundarnir eiga að koma til lækningar, er fer fram haust og vor, í mánuðunum apríl—maí og október—nóvember. Skytt er eigendum hundanna, að flytja þá á lækningastadinn.

#### 3. gr.

Þá er lækningamenn hafa safnað hundunum að sjer, skulu þeir taka 5 hunda til lækninga í senn hver um sig, binda þá eða mýla í úthýsi, þó ekki í heyhlöðum eða fjárhúsum, með böndum eða múlum, sem sýslan leggur til. Síðan skal gefið hverjum hundi inn 6 gröm af Arekadufti, úthrærðu í 2 vænum matskeiðum af laxerolíu, eða 8 gröm af Kamaladufti, úthrærðu í vatni eða mjólk, tvisvar sinnum, með 12 tíma millibili. Meðalið skal gefa á fastandi maga. Lækningin stendur yfir í sólarhring, og þann tíma mega hundarnir einkis neyta.

#### 4. gr.

Þá er hundarnir hafa verið inni í 24 tíma, og meðalið hefur verkað, skulu þeir baðaðir úr *fjárbaði* og því næst afhentir eigendunum aptur. Hús það, er hundarnir hafa verið í, skal vandlega hreinsa, og allur saur úr þeim brenndur eða grafinn, að minnsta kosti 2 álnir í jörð niður, og vandlega hulið yfir.